

Aðalfundur 2025

~ 11. mars ~



Fundargerð

Aðalfundur settur kl.19:30 í Virkjun, Ásbrú.

Mættir:

Magnús Kristinsson, Sverrir Gunnlaugsson, Ágúst H. Borgþórsson, Gunnar H. Valdimarsson, Gunnar M. Magnússon, Hermann Ólafsson, Lúðvík Sigurðsson, Leifur Linduson, Albert Guidice, Haukur Ólafsson, Ólafur Magnússon, Þorsteinn Garðarsson, Pétur Hjálmarsson. Gestur: Guðjón Halldórsson

Formaður setti fundinn og bað um tillögur að fundarstjóra, stungið upp á Gunnari H.V. og var það samþykkt einróma. Formanni gefið orðið fyrir skýrslu stjórnar.

Formaður flutti skýrslu stjórnar og gjaldkeri kynnti reikninga félagsins sem voru samþykktir samhljóða án athugasemda eftir stuttar umræður. Stjórn lagði til óbreytt félagsgjöld, sem var samþykkt samhljóða.

Á þessum fundi þurfti að kjósa um gjaldkera, vallarstjóra og meðstjórnanda en að auki hefur Haukur Ó. beðist lausnar frá starfi meðstjórnanda en hann á eitt ár eftir. Engin framboð bárust fyrir aðalfund og heldur ekki á sjálfum fundinum svo Sverrir fráfarandi gjaldkeri, Ágúst fráfarandi vallarstjóri og Gunnar H.V. fráfarandi meðstjórnandi gáfu áfram kost á sér. Var það samþykkt samhljóða af viðstöddum að auki bauðst Leifur L. að taka við af Hauki og var það einnig samþykkt samhljóða.

Skoðunarmann reikninga, gjaldkeri stakk upp á Stefán Sæmundssyni sem hafði gefið kost á sér áfram og var það samþykkt samhljóða.

Engar tillögur eða lagabreytingar á dagskrá.

Undir liðnum önnur mál var rætt um fjölda félagsmanna, 52, bílamálin, möguleika á nýjum stjórnþalli, er í skoðun. Klára þarf frágang við nýja bílastæðismön við bílasvæðið. Stefnt að snyrtingu og sáningu í hana. Rætt um full skala þyrluumferð og lendingar í nágrenni athafnasvæðið FMS. Almennt viðhald á vallarsvæðinu.

Aðalfundi slitið kl. 20:05.

Sverrir Gunnlaugsson